

Sp.

481. Breytingartillaga

[179. mál]

við till. til þál. um sjónvarp á sveitabæi.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir byggðarlög, sveitabæi og skip við strendur landsins, sem nú njóta ónothæfra eða engra útvarps- og sjónvarpsskilyrða. Ríkisstjórnin láti gera áætlun um að ljúka framkvæmd þessari á næstu fimm árum.